



Starfslýsing matráðs

Um ráðningu matráðs er nánar kveðið á um í ráðningarsamningi. Um kaup og kjör er vísað til kjarasamnings Launanevndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands.

Starfstími matráðs er allt almanaksárið með þeim sumarorlofsréttindum sem kveðið er á um í kjarasamningi. Matráð er heimilt að fá launum dreift yfir allt árið en vinna ekki sumartíma, jól og páska.

Viðkomandi er starfsmaður Grunnskóla Húnaþings vestra. Hann lýtur verkstjórn skólastjórnenda eða umsjónarmanns Fristundar eftir því sem við á.

Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Grunnskóli Húnaþings vestra er símalaus skóli og skal starfsfólk skólans ekki vera með síma sýnilega nema á kaffistofu eða vinnuherbergi.

Regluleg störf skulu vera:

- Annast daglega ræstingu eldhúss, hefur umsjón með því að tæki og búnaður í eldhúsi starfi eðlilega og lætur umsjónarmann skóla vita ef viðgerða/lagfæringa er þörf. Fylgist með borðbúnaði og öðrum lausamunum í eldhúsi og sér um endurnýjun og innkaup þegar þörf er á í samstarfi við skólastjórnendur.
- Framreiðir á hverjum degi morgunverð, hádegisverð og nónhressingu sem skal vera tilbúinn á þeim tíma sem hentar dagskipulagi skólans.
- Ber ábyrgð á pöntunum fyrir mötuneytið.
- Bera ábyrgð að undirbúningi matsals fyrir hverja máltíð. Í því felst að taka niður borð sé þess þörf.
- Samskipti við aðkeypta mötuneytisþjónustu eftir þörfum.
- Aðstoð við undirbúning og móttöku gesta þegar tilefni eru til.
- Frágangur í mötuneyti og eldhúsi.

Starfsmönnum er skylt að taka þátt í endurmenntun skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningi.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna (nr. 38/1954, nr.46/1973 og nr.29/1976) skulu gilda eftir því sem við á. Starfsmenn heita fullri þagmælsku út á við um hvaðeina er þeir verða áskynja um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Starfslýsing þessi er gerð í samræmi við lög um grunnskóla **nr. 91/2008** og gilda þau hvað varðar þessi störf.

Önnur ákvæði sem koma fram í starfsáætlun skólans, gilda einnig um þessi störf.